



1. Dagurinn hjá Lilju



H2.22

Lilja er sjúkraliði. Hún vinnur oft á næturvöktum. Þegar hún vinnur á nóttunni vaknar hún klukkan þrjú á daginn. Fyrst fer hún í sturtu, borðar hádegismat og drekkur kaffi til að vakna! Svo tekur hún til í eldhúsinu og setur í þvottavél. Síðan sækir hún börnin sín í skólann. Hún fer í leiðinni í búð og kaupir inn. Þegar þau koma heim hjálpar hún börnunum að læra heima. Því næst borðar hún kvöldmatinn. Þegar börnin eru sofnuð, horfir hún á sjónvarpið með manninum sínum. Stundum skoðar hún eitthvað á netinu, þrjár eða les bók.

Þá er kominn tími til að fara í vinnuna.

Lilja keyrir í vinnuna. Hún byrjar að vinna klukkan hálf tólf um kvöldið. Hún er búin að vinna klukkan hálf átta um morguninn. Hún kemur heim úr vinnunni um áttaleytið. Hún hittir fjölskylduna í smástund á morgnana. Maðurinn hennar fer með krakkana í skólann og Lilja fer að sofa þegar hún er búin að lesa blaðið og bursta tennurnar.



1.1 Spyrjið og svarið



1. Hvenær vaknar Lilja? *Lilja vaknar klukkan ...*
2. Hvað gerir hún þegar börnin eru sofnuð?
3. Hvernig fer hún í vinnuna?
4. Hver fer með krakkana í skólann?
5. Hvenær fer Lilja að sofa?
6. Hvað gerir Lilja?
7. Finnst þér Lilja hafa mikið að gera?

Orðaröð

Lilja vaknar **klukkan tvö**.
Klukkan tvö vaknar Lilja.

1.2 Skrifaðu sagnirnar í textanum um Lilju



Dæmi: að vinna Lilja vinnur

að vakna Lilja _____

að fara Lilja _____

að borða Lilja _____

að drekka Lilja _____

að setja Lilja _____

að sækja Lilja _____

að kaupa Lilja _____

að hjálpa Lilja _____

að horfa Lilja _____

að skoða Lilja _____

að lesa Lilja _____

að keyra Lilja _____

að byrja Lilja _____

að koma Lilja _____



að vakna	Ég vakna klukkan 7. Hvenær vaknar þú? Hann vaknar klukkan tólf.
að kaupa	Ég kaup brauð á morgnana. Kaupir þú oft kók? Hún kaupir sjaldan kökur.
að drekka	Ég drekk kaffi á morgnana. Hvað drekkur þú? Hún drekkur bara vatn.



Hún fer fyrst í sturtu. = Fyrst **fer hún** í sturtu.

Hún fer að sofa klukkan níu. = Klukkan níu **fer hún** að sofa.

1.3 Orðaröð

Breyttu orðaröðinni – athugaðu vel hvar sögnin á að vera



Lilja sækir börnin sín klukkan fjögur.

Klukkan fjögur sækir Lilja _____

Hún borðar kvöldmat klukkan hálf sjö.

Klukkan _____

Hún fer í vinnuna klukkan háltólf.

Hún fer stundum í búð og kaupir inn.

Hún les fyrst blaðið.

Hún fer að sofa klukkan hálfnú.



1.4 Tölum saman!




- Hvenær vaknar þú?
- Drekkur þú kaffi til að vakna?
- Eldar þú stundum kvöldmatinn?
- Hvað skoðar þú á netinu?
- Keyrir þú bíl?
- Hvar kaupir þú í matinn?

2. Dagurinn hjá Lárusi



H2.23

Vekjaraklukkan hans Lárusar hringir klukkan sjö. Hann snýr sér á hina hliðina og heldur áfram að sofa af því að hann er þreyttur. Stundum hendir hann klukkunni í vegginn af því að hann er svo morgunfúll.



Hann vaknar of seint, flýtir sér inn á baðherbergi og þvær sér og burstar tennurnar. Hann hefur ekki tíma til að fara í sturtu. Hann hleypur niður stigann. Hann kveikir á útvarpinu og hlustar á tónlist. Hann hefur ekki tíma til að borða en drekkur einn kaffibolla. Hann fer út og hleypur í strætó. Hann kemur í skólann klukkan átta.

Hann er búinn í skólanum klukkan tvö og fer á bókasafnið til að læra. Stundum sofnar hann yfir bókunum og lærir ekki neitt! Hann kemur heim milli fimm og sex. Mamma hans hringir oft í hann og býður honum í mat en hann vill bara skyndibita í kvöldmatinn. Eftir kvöldmat horfir hann stundum á sjónvarpið. Oft fer hann út með vinum sínum, í bíó eða á bar. Hann kemur seint heim, stundum ekki fyrr en klukkan tvö eða þrjú. Þá fer hann beint í rúmið og steinsofnar.

2.1 Spyrjið og svarið



1. Klukkan hvað hringir vekjaraklukkan hans Lárusar?
2. Fer hann strax á fætur?
3. Af hverju hendir hann klukkunni í vegginn? *Af því að ...*
4. Hvað borðar hann í morgunmat?
5. Hvað gerir hann eftir kvöldmat?
6. Les hann bók í rúminu?

2.3 Skrifaðu sagnirnar í textanum um Lárus



Dæmi: að snúa Lárus snýr

að halda áfram Lárus _____

að henda Lárus _____

að vera Lárus _____

að vakna Lárus _____

að flýta sér Lárus _____

að þvo sér Lárus _____

að bursta tennur Lárus _____

að hafa tíma Lárus _____

að hlaupa Lárus _____

að kveikja Lárus _____

að hlusta Lárus _____

að fara Lárus _____

að koma Lárus _____



2.4 Skrifaðu rétta orðaröð



Dæmi: morgunfúll stundum er Lárus

→ *Lárus er stundum morgunfúll*

a) mikið drekkur kaffi hann

→ _____

b) að ekki fara hann tíma sturtu hefur til í

→ _____

c) um hann sjö kvöldmat borðar hálf

→ _____

d) sjónvarpið horfir kvöldmat á stundum hann eftir

→ _____

2.5 Olga og Adam tala saman.

Hlustaðu á Adam og Olgu og merktu við rétt svar



H2.24

a) **Hlustaðu fyrst á Adam og merktu við rétt svar**

1. Adam er að flýta sér

- til að fara í búð.
- til að sækja barnið sitt í skólann.
- til að sækja barnið sitt í leikskólann.

2. Adam gengur í vinnuna

- þegar hann langar að hreyfa sig.
- þegar það er gott veður úti.
- þegar bíllinn hans er bilaður.

3. Adam drekkur meira en

- fimm bolla af kaffi á dag.
- fimm bolla af kaffi á kvöldin.
- fimm bolla af kaffi á morgnana.

4. Adam kemur alltaf í vinnuna

- klukkan átta.
- klukkan hálfnú.
- klukkan hálfátta.

b) **Hlustaðu svo á Olgu og merktu við rétt svar**

1. Olga keyrir bílinn

- á hverjum degi.
- oft.
- stundum.



2. Olga er í skólanum

- þrjá daga í viku.
- fjóra daga í viku.
- fimm daga í viku.

3. Olga hefur ekki tíma til

- að borða kvöldmat.
- að borða morgunmat.
- að borða hádegismat.

4. Olga vaknar oft

- of snemma á morgnana.
- of seint á morgnana.
- mjög seint um helgar.

að fara	Ég fer á fætur klukkan sjö.
að hafa	Ég hef ekki tíma núna.
að ganga	Ég geng í vinnuna á hverjum degi.
að koma	Ég kem heim klukkan sex.
að sofa	Ég sef út um helgar.
að búa	Ég bý á Egilsstöðum.
að bjóða	Ég býð oft fólki í mat.
að hlaupa	Ég hleyp 5 kílómetra.
að fá	Ég fæ launahækkun um næstu mánaðarmót!

2.6 Tengdu rétt saman



- | | |
|------------------------------|---|
| 1. Ég vakna klukkan hálf sjö | ___ bróður mínum í mat á sunnudögum. |
| 2. Hann flýtir sér | ___ lengi um helgar? |
| 3. Hún hefur ekki tíma til | ___ í vinnuna á hverjum degi. |
| 4. Við bjóðum | ___ 5 kílómetra hring í hverfinu. |
| 5. Sefur þú | ___ á Grenistíg 33. |
| 6. Hvenær ætlið þið | ___ á hverjum morgni þegar klukkan hringir. |
| 7. Óli og Carlos búa saman | ___ að koma í afmælið á morgun? |
| 8. Þær hlaupa alltaf saman | ___ að borða á morgnana. |

2.7 Tölum saman!



- | | |
|--|---|
| a) Gengur þú í skólann? | <i>Já, ég geng .../ Nei, ég geng ekki ...</i> |
| b) Færð þú stundum launahækkun? | |
| c) Býður þú oft fólki í mat? | |
| d) Hvar býrð þú? | |
| e) Hleypur þú stundum? | |
| f) Hvenær ferð þú á fætur? | |
| g) Sefur þú út um helgar? | |

2.8 Helgarlífíð

Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



syndum vaknar byrjar liggjum geng slöppum fer
borðum hleypur bý kaupi vakna þvær drekkur

Ég _____ á fætur klukkan 12 á sunnudögum. Maðurinn minn _____
klukkan 9 og _____ að lesa öll dagblöðin. Hann _____
kaffi þangað til ég _____. Ég _____ til hádegismat og við
_____ lengi góðan mat. Ég _____ stundum í bæinn eftir matinn.
Ég _____ oft eitthvað fallett í bænum. Maðurinn minn _____
bílinn. Stundum _____ hann hring í hverfinu áður en við förum í sund.
Við _____ saman og _____ svo lengi í heita pottinum og við
_____ af.



Hvað gerir þú um helgar?



Hvað segir Fríða frænka?

Hvað gera Íslendingar um helgar?

Sumir fara út að skemmta sér.
Sumir fara út að ganga, hjóla eða hlaupa.
Margir fara í heimsóknir eða í búðir.

3. Á hverjum degi



Pór: Hæ!

Edda: Nei, blessaður!

Pór: Hvað varst þú að gera á mánudaginn? Þú varst ekki heima.

Edda: Ég var að hjálpa vinkonu minni að flytja.

Pór: Hvenær ferðu til Frakklands?


Edda: Ég fer á fimmtudaginn.

Pór: Ertu á frönskunámskeiði á hverjum degi?

Edda: Nei, ég er á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.

Pór: Góða ferð til Frakklands! Bon voyage!

Edda: Takk fyrir. Vertu blessaður.



...daginn	Ég fer til Frakklands á mánudaginn . (næsti mánudagur) Ég fór í sund á mánudaginn . (síðasti mánudagur)
...dögum	Ég fer alltaf í sund á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum .
á hverjum degi	Ég bursta tennurnar á hverjum degi . (á mánudegi, þriðjudegi, miðvikudegi, fimmtudegi, föstudegi, laugardegi og sunnudegi!)
um helgina	Ég ætla í bíó og í afmæli um helgina . (á laugardaginn og sunnudaginn – næsta helgi) Ég var veik um helgina . (á laugardaginn og sunnudaginn – síðasta helgi)

3.1 Skrifaðu svörin



a) Hvað gerir þú **á hverjum degi**? _____

b) Hvað gerir þú oft **á laugardögum**? _____

c) Hvað varst þú að gera **um helgina**? *Ég* _____

d) Hvað ætlar þú að gera **á föstudaginn**? _____

3.2 Spurðu 2 nemendur í bekknum spurninganna







4. Dagbókin mín – heimavinna



a) Skrifaðu dagbók í eina viku

Hvað gerðir þú?

Hvert fórstu?



b) Segðu bekknum hvað þú gerðir



Dæmi: Á föstudaginn fór ég í afmæli. Það var skemmtilegt.

Á laugardaginn var ég heima að slappa af. Það var gott að slappa af.

5. Hvað kann ég?



5.1 Tölum saman!

Skrifaðu rétt orð og spyrjið hvert annað



A

- a) _____ vaknar þú?
- b) _____ varst þú að gera um helgina?
- c) Hvað _____ þú oft á laugardögum?
- d) _____ þú stundum í sund?
- e) _____ kaffi?
- f) Hvar _____ þú?
- g) Gengur _____ oft í skólann?
- h) Býður þú fólki í mat?
- i) Hvar _____ þú inn?

B

- Ég vakna _____ sjö.
- Ég _____
- Ég _____
- _____
- _____
- Ég bý _____
- Ég _____ í skólann.
- Já, ég _____ fólki í _____
- Ég _____ inn í _____

5.2 Skrifaðu eða segðu frá venjulegum degi í lífi þínu



Dæmi: Ég vakna klukkan 7 og fer í sturtu. Svo borða ég morgunmat og drekk kaffi.

6. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann **rétta orðaröð**

- Lilja vaknar klukkan hálf átta.
- Klukkan hálf átta vaknar Lilja.
- Hún fer fyrst í sturtu.
- Fyrst fer hún í sturtu.

2. Ég kann **sagnirnar**

- að fara – ég fer
- að ganga – ég geng
- að hafa – ég hef
- að sofa – ég sef
- að koma – ég kem
- að búa – ég bý

3. Ég kann **að spyrja og svara**

- | | |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Hvenær vaknar þú? | <input type="checkbox"/> Ég vakna klukkan ... |
| <input type="checkbox"/> Drekkur þú kaffi? | <input type="checkbox"/> Já, ég drekk .../ Nei, ég drekk ekki ... |
| <input type="checkbox"/> Hvar kaupir þú inn? | <input type="checkbox"/> Ég kaupi inn ... |
| <input type="checkbox"/> Keyrir þú bíl? | <input type="checkbox"/> Já, ég keyri .../ Nei, ég keyri ekki ... |
| <input type="checkbox"/> Gengur þú í skólann? | <input type="checkbox"/> Já, ég geng .../ Nei, ég geng ekki ... |
| <input type="checkbox"/> Hvar býrð þú? | <input type="checkbox"/> Ég bý ... |

5. Ég kann **að spyrja og svara**

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Hvað gerir þú á hverjum degi ? | <input type="checkbox"/> Ég burstu tennurnar á hverjum degi . |
| <input type="checkbox"/> Hvað gerir þú oft á laugardögum ? | <input type="checkbox"/> Ég elda góðan mat á laugardögum . |
| <input type="checkbox"/> Hvað gerir þú um helgar ? | <input type="checkbox"/> Ég slappa af um helgar . |
| <input type="checkbox"/> Hvað varst þú að gera um helgina ? | <input type="checkbox"/> Ég var að vinna um helgina . |
| <input type="checkbox"/> Hvað ætla þú að gera á föstudaginn ? | <input type="checkbox"/> Ég ætla í bíó á föstudaginn . |

6. Hvað **lærði ég fleira** í 3. kafla? _____

7. Hvað ætla ég **að nota**? _____

8. Hvað þarf ég **að læra betur**? _____

Orðaröð

Hún fer að sofa klukkan nú .	= Klukkan nú fer hún að sofa.
Ég fer í skólann á morgnana .	= Á morgnana fer ég í skólann.
Hann bakar köku á sunnudögum .	= Á sunnudögum bakar hann köku.
Þau keyra fyrst barnið á leikskólann.	= Fyrst keyra þau barnið á leikskólann.

Daginn – dögum – á hverjum degi – um helgina

Næsti eða síðasti dagur/helgi	Alltaf/endurtekning
Ég ætla í sund á mánudaginn . Ég fór í vinnuna á þriðjudaginn . Á miðvikudaginn fer ég til Frakklands. Á fimmtudaginn fór ég til tannlæknis. Á föstudaginn ætla ég í bíó.	Ég fer í skólann á mánudögum og miðvikudögum . Ég skoða tölvupóstinn á hverjum degi . Á hverjum degi borða ég morgunmat.
Ég ætla til London um helgina . (næstu helgi) Um helgina fór ég í afmæli. (síðustu helgi)	Um helgar fer ég út að skemmta mér. (allar helgar) Ég hringi í mömmu mína um helgar . (allar helgar)

Sagnir – reglur 1 og 2

-a, -ar og -i, -ir sagnir			að byrja* ¹	
byrja* ¹	ég byrja	við byrjum	ég byrja	við byrjum
vakna* ¹	ég vakna	við vöknum	þú byrjar	þið byrjið
keyra* ²	ég keyri	við keyrum	hann byrjar	þeir byrja
sækja* ²	ég sækji	við sækjum	hún byrjar	þær byrja
			það byrjar	þau byrja
			að sækja* ²	
	ég sækji	við sækjum		
	þú sækir	þið sækjið		
	hann sækir	þeir sækja		
	hún sækir	þær sækja		
	það sækir	þau sækja		

Sagnir – reglur 3, 4, 5

a, o og ö → e í eintölu		
ganga ^{*3}	ég geng	við göngum
halda ^{*3}	ég held	við höldum
standa ^{*3}	ég stend	við stöndum
taka ^{*3}	ég tek	við tökum
koma ^{*3}	ég kem	við komum
slökkva ^{*3}	ég slekk	við slökkvum
fara ^{*5}	ég fer	við förum

að ganga ^{*3}	
ég geng	við göngum
þú gengur	þið gangið
hann gengur	þeir ganga
hún gengur	þær ganga
það gengur	þau ganga

jó, jú og ú → ý í eintölu		
bjóða ^{*3}	ég býð	við bjóðum
brjóta ^{*3}	ég brýt	við brjótum
sjóða ^{*3}	ég sýð	við sjóðum
ljúga ^{*3}	ég lýg	við ljúgum
búa ^{*4}	ég bý	við búum
snúa ^{*4}	ég sný	við snúum

að búa ^{*4}	
ég bý	við búum
þú býrð	þið búið
hann býr	þeir búa
hún býr	þær búa
það býr	þau búa

á → æ í eintölu (mjög fáar sagnir)		
láta ^{*3}	ég læt	við látum
gráta ^{*3}	ég græt	við grátum
ráða ^{*3}	ég ræð	við ráðum
fá ^{*4}	ég fæ	við fáum
ná ^{*4}	ég næ	við náum

að fá ^{*4}	
ég fæ	við fáum
þú færð	þið fáid
hann fær	þeir fá
hún fær	þær fá
það fær	þau fá

au → ey í eintölu (mjög fáar sagnir)		
hlaupa ^{*3}	ég hleyp	við hlaupum
auka ^{*3}	ég eyk	við aukum

Sérstakar sagnir: þvo og sjá		
þvo ^{*4}	ég þvæ	við þvoum
sjá ^{*4}	ég sé	við sjáum

Breytist ekki – e og i		
vinna ^{*3}	ég vinn	við vinnum
lesa ^{*5}	ég les	við lesum

að lesa ^{*5}	
ég les	við lesum
þú lest	þið lesið
hann les	þeir lesa
hún les	þær lesa
það les	þau lesa

Persónufornöfn: Hans – hennar



Petta er maður.
Hann heitir Þorgrímur.



Petta er kona.
Hún heitir Rósa.

Mamma **hans** er 57 ára.
Pabbi **hans** heitir Ásgrímur.
Hann á einn bróður.
Bróðir **hans** heitir Hallgrímur.
Systir **hans** er nuddari.
Vinur **hans** er veikur.
Vinkona **hans** á stórt hús.
Þorgrímur á konu.
Konan **hans** heitir Pálína.
Hann á hús.
Húsið **hans** er lítið.

Mamma **hennar** heitir Fjóla.
Pabbi **hennar** er 65 ára.
Bróðir **hennar** er bakari.
Rósa á systur.
Systir **hennar** heitir Sóley.
Vinur **hennar** er í skóla.
Vinkona **hennar** er atvinnulaus.
Rósa er gift.
Maðurinn **hennar** heitir Torfi.
Hún á bíl.
Bíllinn **hennar** er nýr.

Eignarfornöfn: Minn – mín – mitt - þinn - þín - þitt

Hvað heitir pabbi **þinn**?
Hvaða tegund er bíllinn **þinn**?
Hvað heitir mamma **þín**?
Úr hverju er peysan **þín**?
Hvað er barnið **þitt** gamalt?
Hvar er húsið **þitt**?

Pabbi **minn** heitir Jón.
Bíllinn **minn** er Honda.
Mamma **mín** heitir Ása.
Peysan **mín** er úr ull.
Barnið **mitt** er fimm mánaða.
Húsið **mitt** er á Spáni.

